

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns norður, Selhella 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. ágúst 2008 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns norður, Selhella 2 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóð stækkar um 4 m til norðausturs.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Einhella 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 20. ágúst 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Einhella 6 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum og að sameiginlegri aðkomu að lóðunum 4 og 6 verði breytt þannig að hver lóð fær sína aðkomu.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. september 2008.

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2008